

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Sorpstöðin á Strönd, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 9. júlí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Sorpstöðina á Strönd. Markmið breytingarinnar er að rýmka fyrir núverandi starfsemi og þjónustu, ásamt viðbótum vegna móttöku á mengandi úrgangi. Breyting er gerð á byggingarreitum og plönunum undir starfsemi sorpstöðvarinnar, plön eru stækkuð og byggingarmagn aukið. Bætt er við byggingarreitum fyrir skemmur, starfsmannahús, eyðingarstöðvar í formi brennslu og plönunum fyrir meðhöndlun mengandi úrgangs auk lekavarna á urðunarreinum og plönunum. Með breytingunni er einnig verið að stuðla að betri mengunarvörnum með auknu eftirliti og vöktun. Áætlað er að nýta hita úr brennslu til upphitunar vatns sem m.a. nýtist til húshitunar. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 25. ágúst 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 8. september 2025